



Bæjarráð Reykjanesbæjar

Tjarnargötu 12
230 Reykjanesbær

Reykjanesbær, 22. nóvember 2022

Mál nr. 2022110435

Efni: Færsla Þjóðbrautar

Fyrir hefur legið í nokkurn tíma nauðsyn þess að færa Þjóðbraut sem liggur á landi GG Bygg sem vinnur nú að uppbyggingu Hlíðarhverfis II. Þjóðbraut er Þjóðvegur í þéttbýli og sem slíkur á ábyrgð og forræði Vegagerðar. Undirritaður hefur frá upphafi árs óskað eftir því að farið verði í þessa framkvæmd vegna þrýstings frá GG Bygg. Svör bárust frá Vegagerð að Þjóðbraut væri mögulega að detta útaf lista yfir þjóðvegi í þéttbýli vegna þess að afli sem kemur um hafnir sem tengjast Þjóðbraut (Keflavíkur- og Njarðvíkurhöfn) væru undir þeim mörkum sem Vegagerð setur sér sem viðmið um þjóðvegi í þéttbýli.

Vegna tímapressu leggur undirritaður til að Reykjanesbær kosti þessa framkvæmd og eigi þá kröfu á Vegagerð þegar tryggt verður að Þjóðbraut verði áfram þjóðvegur í þéttbýli, m.a. vegna uppbyggingar við Njarðvíkurhöfn.

Hönnun liggur fyrir og farið er eftir öllum stöðlum sem Vegagerð gerir til slíkra vega. Við fengum GG Bygg til að gefa okkur tölu í verkið þar sem þeir eru með tæki og tól á staðnum.

Niðurstöður tilboðs og kostnaðaráætlun er í meðfylgjandi minnisblaði.

Þetta er gatnagerð og á lyklum Umhverfissviðs er fjármagn fyrir þessari framkvæmd.

Undirritaður óskar eftir heimild til að ganga til samninga um verkið við GG Bygg.

Fylgiskjöl:

- 1) Yfirlitsmynd
- 2) Minnisblað með kostnaðaráætlun og tilboði GG Bygg



Guðlaugur H. Sigurjónsson

Guðlaugur H. Sigurjónsson

sviðsstjóri umhverfissviðs